

17. október 2016

Verndarsvæði í byggð Vinnan framundan



Minjastofnun
Íslands

Kynningarfundur 17. október 2016

Guðný Gerður Gunnarsdóttir

TILLAGA AÐ VERNDARSVÆÐI - VINNUFERLIÐ

1. Sveitarstjórn metur að loknum sveitarstjórnarkosningum hvort ástæða sé til að undirbúa tillögu að verndarsvæði (87/2015, 4. gr.).
2. Ef sveitarstjórn ákveður að gera það er unnin tillaga. (87/2015, 4. gr.).
3. Tillaga að verndarsvæði er kynnt með auglýsingu þegar hún liggur fyrir frá hendi sveitarstjórnar. (87/2015, 5. gr.)
4. Tillaga að verndarsvæði, samþykkt af sveitarstjórn, er send til ráðherra (reglugerð 9. júní 2016, 3. gr.).
5. Ráðherra ákveður hvort byggð verði gerð að verndarsvæði á grundvelli tillögu sveitarstjórnar. Ákvörðun ráðherra um verndarsvæði er birt með auglýsingu í stjórnartíðindum (87/2015, 4. gr.).
6. Sveitarstjórn tryggir að ákvörðun um verndarsvæði endurspeglar í skipulagsáætlunum, öðrum áætlunum og leyfisveitingum sveitarfélags (87/2015, 9. gr.).

VINNAN FRAMUNDAN

Sveitarfélög sem hlotið hafa styrk hefja undirbúning að gerð tillögu um verndarsvæði í byggð. Helstu verkþættir eru:
Verkátun, með tíma- og kostnaðaráætlun endurskoðuð.

Gögn sem liggja til grundvallar tillögunni útbúin.

Heimildakönnun

Fornleifaskráning

Húsakönnun

Greinargerð með mati á varðveislugildi

GÖGN SEM SKULU FYLGJA TILLÖGU AÐ VERNDARSVÆÐI

Greinargerð um mat á varðveislugildi byggðar.

Skilmálar um vernd og uppbyggingu innan svæðisins.

Staðfesting á samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Gerð grein fyrir athugasemdum sem bárust og á hvaða hátt var tekið tillit til þeirra.

MAT Á VARÐVEISLUGILDI

Greinargerð um mat á varðveislugildi svæða í byggð skal fylgja tillögunni (87/2015, 5. gr.).

Leggja skal mat á varðveislugildi svipmóts og yfirbragðs byggðar.

Minjastofnun er sveitarstjórn til ráðgjafar um mat á varðveislugildi.

Mat skal byggja á gögnum: kort, húsakannanir, fornleifaskráning, myndir, frásagnir.

Jafnframt skal líta til byggingarstíls og byggingarlistar, efnisvals, samhengi bygginga, heildarásýnd svæðis.

MAT Á VARÐVEISLUGILDI

Varðveislugildi er niðurstaða mats á nokkrum gildum:

- listrænu gildi
- menningarsögulegu gildi
- umhverfisgildi
- upprunaleika
- ástand

Niðurstaða er mat á varðveislugildi svipmóts og yfirbragðs.

SVIPMÓT

Einkennandi yfirbragð byggðar sem birtist í:

- ríkjandi formgerðum húsa
- afstöðu þeirra innbyrðis og rýmismyndun
- stærðarhlutföllum
- byggingarstíl
- efnis- og litavali
- sambandi byggðar og náttúrulegs umhverfis

Þýðing á enska hugtakinu **character**

SÖGULEGT GILDI

Annað hugtak sömu merkingar er **menningarleg þýðing**, sem er sett saman úr öllum þeim **gildum** sem í byggðinni eru fólgin. Gefur til kynna **hvers vegna staður eða bygging hefur gildi sem menningararfur**.

- fagurfræðilegt, sögulegt, vísindalegt, félagslegt og andlegt gildi fyrir fyrri, núlifandi og komandi kynslóðir.
- menningarleg þýðing er falin í staðnum sjálfum, yfirbragði hans, umhverfi, hagnýtingu, hugrenningartengslum sem hann vekur, merkingu hans fyrir fólk.


Cultural Significance: Burraskráin, 1999 – Ástralska ICOMOS nefndin

MAT Á VARÐVEISLUGILDI

DIVE - Kulturhistorisk Stedeanalyse - Riksantikvaren 2009

Aðferð við mat á varðveislugildi menningarminja sem þróuð var í samstarfsverkefni minjastofnana í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Eystrasaltslöndunum

DESCRIBE – INTERPRET – VALUATE – ENABLE



Aðferð við að greina svipmót og yfirbragði byggðar

LÝSA

Hvers konar byggð?

Hvernig hefur hún orðið til?

- Staðhættir, staðfræði og örnefni
- Sögulegt yfirlit yfir þróun byggðar á svæðinu
- Tímabil í þeirri þróun sem greina má í byggðinni
- Hús og mannvirki sem hafa sögulegt gildi

TÚLKA

Hvað má lesa úr byggðinni?

Hvernig varð hún eins og hún er í dag?

- Umhverfið, landfræðileg lega, náttúra, sjónásar, gróður
- Landnotkun, nýting bygginga og starfsemi
- Byggingarlistarleg einkenni, húsagerðir, byggingarefni, byggingarstílar
- Menningarminjar: friðuð, friðlýst hús, fornminjar, minjastaðir
- Heildir sem móta svipmót og yfirbragð byggðar

META

Hvaða gildi hefur byggðin ?
Fyrir hverja hefur hún gildi ?

- Einkennandi svipmót
- Ráðandi þættir:
 - byggðamynstur
 - byggingarlistarleg og umhverfisleg gæði
 - efnisnotkun, hefðbundin byggingarefni
 - yfirbragð sem hefur varðveist
- Breytingar sem rýra svipmót byggðarinnar
- Viðhald og varðveisla

- Niðurstaða – mat á varðveislugildi heildar og hluta

AÐGERÐIR

- Hvað viljum við gera?
- Hvernig ætlum við að fara að því?
- Skilmálar um vernd og uppbyggingu innan svæðisins sem hafa að markmiði að styrkja svipmót og yfirbrag og stýra þróun innan verndarsvæðis
- Samþætt verndun felst í því að vernda og þróa
Verndun felst í þróun – þróun felst í verndun

VARÐVEISLUMAT

- Niðurstöður varðveislumats dregin saman og færð rök fyrir tillögu að verndarsvæðis.
- Verndarsvæði afmarkað og skýrt hvers vegna mörk eru dregin þar sem þau eru dregin.
- Gerð grein fyrir möguleika á að stækka verndarsvæði í framtíðinni ef áhugi verður á því.
- Greining á gildi afmarkaðra hluta verndarsvæðis ef það á við.

SAMRÁÐ

Lögin kveða á um að tillaga skuli auglýst þegar hún liggur fyrir frá hendi sveitarfélagsins. Staðfesting á að það hafi verið gert skal fylgja tillögu til ráðherra.

Mælt með því að hefja samráð við íbúa, hópa og samtök hagsmunaaðila samráð við upphaf verkefnisins.

- kynna fyrir þeim hvað stendur til; fundir, íbúáþing, rafræn samskipti ...
- bjóða þeim þátttöku í mótun tillögunnnar
- leita eftir upplýsingum og heimildum

SAMRÁÐ

Hvers vegna samráð?

Ná sátt við íbúa og aðra sem eiga hagsmuna að gæta um verndun því þeir eiga stóran þátt í því að markmið um verndun nái fram að ganga. Eigendur leggja stóra skerf til þess með viðhaldi á húsum og mannvirkjum.

- ólík sjónarmið og ólík gildi. Samningaumleitani þarf til að finna gildi sem brúa.
- skapa sameiginlegan skilning á því hvað er mikilvægast að vernda
- markmið að skapa sátt um verndun og sameiginlegt eignarhald á verkefninu

VERNDARÁÆTLUN

Verndun er að stýra þróun í sögulegri byggð

Verndaráætlun er verkfæri til að stýra breytingum og verður grunnur að skipulagsáætlunum.

- stefnumörkun um verndun og þróun byggðar innan verndarsvæðis
- hvað á að vernda?
- hvernig á koma í veg fyrir að varðveislugildi rýrni?

VERNDARÁÆTLUN

Í verndaráætlun komi fram markmið, skilmálar og aðgerðaráætlun þar sem gerð er grein fyrir aðgerðum sem ráðast þarf í til að ná markmiðum sem sett er í tillögu að verndarsvæði í byggð.

Sveitarfélög geta sett frekari skilmála um vernd svipmóts byggðar en er sett í ákvörðun ráðherra.

ÁVINNINGUR AF VERNDUN

Eflir félagslega, sálræna og pólítiska vellíðan einstaklinga, hópa og þjóða.

Fræðslugildi, söguleg byggð skapar skilning á sögu og lífsháttum fyrri kynslóða.

Byggingar í sögulegri byggð eru auðlind sem hægt er að endurnýta á sjálfbæran hátt með efnahagslegum og umhverfislegum ávinningi.

STAÐA VERNDARSVÆÐIS INNAN SKIPULAGS

- Sveitarstjórn skal tryggja að ákvörðun um verndarsvæði endurspeglit í skipulagsáætlunum, öðrum áætlunum og leyfisveitingum. Hvernig verður það gert í skipulagsáætlunum?
- Á hvaða skipulagsstigi á að setja þá skilmála sem sett eru um verndarsvæði? Aðalskipulag – deiliskipulag?
- Hverfisvernd vs verndarsvæð í byggð.
Prep í verndun? Hverfisvernd í aðalskipulagi – verndarsvæði í byggð – skilmálar útfærðir nánar í deiliskipulag.

VERND MENNINGARMINJA

Lög þar sem er að finna ákvæði sem menningarminjar

Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Skipulagslög nr. 123/2010

Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2012

Hvernig á að samþætta ákvæði þessara laga?

STYRKIR

Samningur gerður um hvert verkefni samkvæmt reglum um styrki úr húsafriðunarsjóði.

Sendur til ábyrgðarmanna verkefna til undirritunar.

Styrkur kemur til greiðslu í tvennu lagi:

70% þegar verk er sannanlega hafið (m.v. styrk án ófyrirséðs)

30% þegar skýrslu og uppgjöri hefur verið skilað.

Ófyrirséð - greitt við verklok, ef kostnaður hefur farið yfir áætlun.

Tímamörk – nýta styrk fyrir árslok 2017

Hvenær er verk sannanlega hafið?

- Samningur hefur verið undirritaður
- Endurskoðuð verkáætlun, með tíma- og kostnaðaráætlun send Minjastofnun
- Samningur við ráðgjafa sendur Minjastofnun eða staðfest á annan hátt af ábyrgðarmanni verkefnisins að vinna sé hafin samkvæmt verkáætlun

VERKIÐ HAFIÐ!

TAKK FYRIR!